Norðaustur af Þórsbanka:

1. 64° 37′00 N – 10° 51′00 V
2. 64° 37′00 N – 10° 20′00 V
3. 64° 04′00 N – 10° 20′00 V
4. 64° 04′00 N – 11° 04′00 V
5. 64° 17′00 N – 10° 34′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.
Þórður Eyþórsson.

Guðrún Eyjólfsdóttir.

Nr. 607 24. júní 2005

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðist svo:

Eftir 1. janúar 2006 mega þeir einir framkvæma aðalskoðun sem hlotið hafa faggildingu til þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 24. júní 2005.

F. h. r.
Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.